

# Skipulagning símenntunar fyrir fólk með Döff táknmál í samfélagi fyrir alla

## Leiðbeiningar fyrir skipulagningu fullorðinsfræðslu sem gerir ráð fyrir þátttöku táknmálmælandi fólks

Leiðbeiningar fyrir kennara og leiðbeinendur

Námshópar með einum eða fleirum einstaklingum með sem nota fyrst og fremst táknmál.

Eftirfarandi 10 ábendingar eiga að auðvelda táknmálmælandi fólk að taka þátt í almennum námskeiðum í fullorðinsfræðslu. Áhersla er á að skapa betri grundvöll fyrir kennara í almenntri fullorðinsfræðslu til að aðlaga námskeið þannig að fólk með táknmál að móðurmáli eða fyrsta máli verði kleyft að sækja fjölbreytta símenntun.

Leiðbeiningar þessar beinast að kennurum sem ekki hafa sérstaka þjálfun eða menntun til kennslu fólks sem notar táknmál. Þær eru ætlaðar sem fyrsta hjálp og uppspretta hugmynda.

### Athugið

Hafi þátttakandi heyrnarskerðingu, en notar íslensku til tjáskipta bendum við á leiðbeiningar fyrir námshópa með einum eða fleirum heyrnarskertum þátttakendum. Hérlandis hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra.

### Tíu ráð

#### 1

Þátttakendur sem tala táknmál eru fyrst og fremst þátttakendur eins og hverjir aðrir og það á að vera sjálfsagt mál að koma þannig fram við þá. Hér eftir verður talað um þá sem þátttakendur.

#### 2

Heyrnarleysi getur birst með mismunandi móti, eftir því hvort þátttakandinn fæddist heyrnarlaus eða missti heyrn eftir að hafa þróað talmál. Áður en námskeiðið hefst, eða svo fljótt sem unnt er þarft þú að fá upplýsingar frá þátttakandanum um hvað þurfi að taka til sérstakrar athugunar og hverjar þarfir hans eru. Skapaðu tækifæri til samræðna fyrirfram og hikaðu ekki við að spyrja spurninga.

#### 3

Þátttakandinn þarf hugsanlega táknmálstúlkun eða rittúlkun.

Það er æskilegt að það sé sami túlkurinn gegum allt námskeiðið, til þess að halda flæði í námsferlinu.

Það er líka mælt með því að eiga samtalið við túlkinn fyrirfram um námsefni, markmið, kennsluaðferðir, hvernig málhraði má vera, kennsluhlé.

#### 4

Tjáskipti með aðstoð túlks geta stundum leitt til misskilnings. Fáir þú röng viðbrögð getur það varðað túlkunina. Spurðu spurninga til að finna út hvort þátttakandinn hafi skilið þig.

Mundu eftir að beina máli þínu til þátttakandans, en ekki túlksins.

Hvenær sem hægt er skaltu senda gögn næstu kennslustundar til túlks og þátttakanda fyrirfram. Spurðu þátttakanda um á hvaða formi honum hentar að fá gögnin.

## 5

Talaðu skýrt og ekki of hratt

Reyndu að tala í heilum setningum og ljúka hverri setningu áður en þú byrjar á nýrri. Ófullkomnar og fleygaðar setningar geta gert túlkunina erfiðari og leitt til misskilnings.

## 6

Gættu þess að það tali aðeins einn í einu. Sjónrænir þættir tjáskipta eru þátttakandanum mjög mikilvæg og hann á erfitt með að fylgjast með mörgum í senn. Það auðveldar túlkinum starfið ef spurningar eru endurteknar áður en þeim er svarað.

## 7

Félagsleg samvera hópsins snýst að miklu leiti um tjáskipti. Það er mikilvægt að allir þátttakendur séu hluti af félagslegri samveru. Heyrandi þátttakendur þurfa að vera upplýstir um táknmál og tilbúnir að gera táknmálastalandi þátttakanda hluta af hópnum. Opín samræða í upphafi námskeiðs getur dregið fram þætti sem skapa ööryggi og opnað á nauðsynlegar upplýsingar.

## 8

Hópvinnu getur verið erfið, því þá tala oft margir samtímis. Hvenær sem hægt er ætti hópvinnu að deilast á aðskilin rými til að komast hjá hávaða frá öðrum hópum.

## 9

Gerðu reglulega hlé á kennslu. Táknmálmælandi fólk og túlkar nota mjög mikla orku til að hlusta og túlka og taka við, þess vegna þurfa þau mörg stutt hlé.

## 10

Tæknileg aðstoð.

Túlkun getur verið með mismunandi móti, táknmálstúlkun, rittúlkun, túlkun með táknuþingi. Réttur til túlkunar er breytilegur frá einu landi til annars. Í sumum löndum er túlkun gjaldfrjáls, í öðrum löndum getur hún verið mjög kostnaðarsöm.

Fyrir suma þátttakendur getur notkun stoðtækja svo sem tónmöska eða FM hljóðnema verið til mikillar hjálpar

## Frekari upplýsingar

Þú getur haft samband við Félag heyrnarlausra; Heyrnarhjálp <http://www.heyrnarhjalp.is/>,  
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra <http://www.shh.is/> eða Heyrnar- og talmeinstöðina  
<http://hti.is/index.php/is/> til frekari sérfræðiaðstoðar vegna heyrnarskerðingar þátttakenda.